



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 17. mars 2014.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 216. mál, þingmannatillaga.


Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 19. febrúar sl. þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 216. mál á 143. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að Alþingi feli innanríkisráðherra að koma því til leiðar að ríkislögreglustjóri geri áhættumat fyrir Ísland m.t.t. ferðamennsku, eftir atvikum í samstarfi við nánar tilgreinda aðila. Í framhaldi af því verði kannað og metið hvort ástæða þyki til að setja sérstakar reglur um ferðir á þeim svæðum sem falla í efsta áhættuflokkinn.

LÍ telur mikilvægt, verði ráðist í það áhættumat sem lagt er til í tillögunni, að staða heilsugæslunnar víða um land verði skoðuð sérstaklega. Eftir hrun hefur mönnun í heilbrigðisþjónustu, m.a. í heilsugæslu og ekki síst heilsugæslu úti á landi, versnað til muna. LÍ telur að þessa staðreynd hljóti að þurfa að hafa í huga við það áhættumat sem lagt er til að gert verði.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða efni tillögunnar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

  
Þorbjörn Jónsson,  
formaður.